

Góðan daginn

Bifhjólasamtök Lýðveldisins, Sniglar vilja taka undir rök Slóðavina sem sett hafa verið fram hér að neðan og vekja hér athygli á því:

1. Eðlilegt er að ábyrgðartrygging ökutækis og slysatrygging ökumanns gildi alls staðar burt séð frá hvar ökutækið er notað hvort sem er á þéttbýlisvegi, þjóðvegi með F-númer, vegslóð hvers kyns, á hjarni, við akstur yfir óbrúaðar ár eða almennt hvar sem er. Ekki er eðlilegt að ábyrgðartrygging eða slysatrygging ökumanns falli úr gildi þar sem ökutæki hafa verið notuð hingað til.
2. Á sama hátt er eðlilegt að ökumaður ökutækis beri ábyrgð á notkun þess en ekki eigandi þó eigandi hafi gefið heimild til notkunar þess. Ekki verður séð hvernig eigandi ökutækis geti tekið fulla ábyrgð á hegðun ökumanns.
3. Eðlilegt er að ábyrgðartrygging og ökumannstrygging gildi alls staðar, einnig á vegum sem eru með takmarkaða heimild til aksturs fyrir almenning.

Fyrir hönd umferðarnefndar Snigla:

Njáll Gunnlaugsson

njall@adalbraut.is

898-3223